



Stofnanasamningur milli Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga og hjúkrunarheimilanna Eirar, Hamra og Skjól

Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga (Fíh) og hjúkrunarheimilin Eir, Hamrar og Skjól gera með sér eftirfarandi stofnanasamning um forsendur röðunar starfa við stofnanirnar. Samkomulag þetta byggir á kjarasamningi milli Fíh og Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu.

1. Gildissvið

Stofnanasamningur þessi nær til allra hjúkrunarfræðinga sem starfa á Eir, Hömrum og Skjóli og njóta ráðningarkjara samkvæmt gildandi kjarasamningi Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga og Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu.

2. Markmið

- Að stuðla að skilvirkara launakerfi sem tekur mið af þörfum og verkefnum Eirar, Hamra og Skjól.
- Að launakerfið feli í sér tækifæri fyrir starfsmenn til áhrifa á framgang í starfi.
- Að launakerfið sé sveigjanlegt og ákvarðanir um launaröðun séu teknar með málefnalegum hætti.
- Að launakerfið nýtist sem stjórnþæki til að ná fram markmiðum Eirar, Hamra og Skjól.
- Að launakerfið feli í sér leiðir til að draga úr yfirvinnu.

3. Starfaflokkun og grunnröðun í launaflokka

Nánari lýsingar og skilgreiningar á starfsheitum má finna í viðauka 1 með samningi þessum.

Starfsheiti	lfl.
• Almennur hjúkrunarfræðingur 1	4,0
• Almennur hjúkrunarfræðingur 2	5,0 - 6,0
• Almennur hjúkrunarfræðingur 3	7,1
• Almennur hjúkrunarfræðingur 4	8,1
• Næturvaktahjúkrunarfræðingar	10,0
• Aðstoðardeildarstjóri	9,0 – 10,0
• Hjúkrunardeildarstjóri	11,0 -

Ofangreind launaröðun er grunnröðun. Starfsmaður getur ráðast hærra með hliðsjón af þeim þáttum sem tilteknir eru í 4. og 5. grein.

Hjúkrunardeildarstjórum er grunnraðað eftir umfangi og ábyrgð samkvæmt viðmiðum hjúkrunarheimilanna þar um. Gerður er skriflegur samningur um fasta yfirvinnu deildarstjóra.

4. Mat persónubundnum þáttum

4.1 Viðbótarmentun

Hjúkrunarfræðingur sem lokið hefur formlegu viðbótarnámi sem nýtist í starfi fær menntun sína metna á eftirfarandi hátt:

Diplómapróf, 15 einingar 30 ECTS einingar	1 þrep
Diplómapróf, 30 einingar 60 ECTS einingar	2 þrep
Meistarapróf, 120 ECTS einingar	2 flokkar

Hækkanir vegna viðbótarmentunar ber að meta sem svo að þrep sem áunnist hafa á fyrri stigum koma til frádráttar.

4.2 Símenntun

Námskeið og fagráðstefnur	60 klst.	1 þrep
Námskeið og fagráðstefnur	120 klst.	1 þrep

Einungis eru metin námskeið sem talin eru nýttast í starfi og hafa verið sótt á sl. fimm árum.

Miða skal við að hjúkrunarfræðingar geti sótt símenntun sem nýttist í starfi sem nemur 16 klst. á ári og skal sá tími teljast til vinnutíma. Leyfið er háð samþykkis framkvæmdastjóra hjúkrunar.

4.3 Starfsreynsla í hjúkrun eftir útskrift

Eftir 10 ár í starfi		1 þrep
----------------------	--	--------

4.4 Hollusta við stofnun

Eftir þrjú ár í starfi		1 þrep
Eftir sex ár í starfi		1 þrep
Eftir átta ár í starfi		1 þrep

4.6 Önnur atriði

Hjúkrunarfræðingur sem hefur áunnið sér hækkun vegna persónubundinna þátta ofan á grunntöflu launaflokks sem er umfram 8. þrep færast í næstu launatölu í næsta launaflokki fyrir ofan.

5. Kröfur umfram starfslýsingu

Heimilt er að greiða sérstaka umbun sbr. grein 1.3 í kjarasamningi aðila. Umbunin getur verið vegna sérstakra verkefna eða álags.

5.1 Sérstök verkefni

Framkvæmdastjóra hjúkrunar er heimilt að gera skriflegan tímabundinn samning við hjúkrunarfræðing sem er í 50% starfshlutfalli eða meira um að taka að sér sérstök tímabundin verkefni. Hjúkrunarfræðingur getur fengið 1-2 launaflokka ofan á grunnröðun sína fyrir umsjón og ábyrgð á sérstökum skilgreindum verkefnum eða ábyrgð sem fellur utan hefðbundinna starfa. Verkefni skal skilgreina í tímabundnum samningi þar sem kveðið er á um umfang, kröfur, efnisþætti, árangur og annað sem skiptir máli við vinnslu verkefnisins.

Sérstök verkefni geta staðið yfir að hámarki 12 mánuði í senn og að loknu hinu tiltekna tímabili fellur samningurinn og launaviðbótin sjálfkrafa niður án sérstakrar uppsagnar af hálfu stofnunar nema samningnum hafi verið framlengt.

5.2 Tímabundið álag

Framkvæmdastjóra hjúkrunar er heimilt að gera skriflegan tímabundinn samning við hjúkrunarfræðing um að greiða eitt þrep fyrir sérstakt tímabundið álag. Í samningnum skulu koma fram skýr rök fyrir greiðslu vegna álags.

5.3 Sérstök ábyrgð

Hjúkrunarfræðingur á **dagvakt eða kvöldvakt** virka daga og um helgar og hátíðisdaga sem ber ábyrgð á hjúkrun 35 -55 íbúa á fleiri en einni deild og símaráðgjöf við öryggisíbúðir, fær greidda 1 klst. í yfirvinnu á hverri 8 klst. vakt. Ef ábyrgðin nær til 56 íbúa eða fleiri eru greiddar 2 klst. í yfirvinnu.

Ef enginn sjúkraliði eða nemi er á vakt á deild sem hjúkrunarfræðingur ber ábyrgð á er greidd 1 klst. í yfirvinnu til viðbótar.

Greitt er hámark 3 klst. fyrir ábyrgð á öðrum deildum.

6. Starfsmannasamtöl

Reglulega skulu fara fram starfsmannasamtöl til að ræða starf og starfssvið.

Tilgangur samtalanna er:

- Samhæfa markmið starfsmanns og stofnunar
- Tryggja skýrleika í starfseminni
- Greina verk- og ábyrgðarsvið starfsmanns og stjórnenda
- Vinna að starfsþróun starfsmanna m.t.t. hæfni í starfi
- Skoða samstarf starfsmanns og stjórnanda
- Bæta starfsskilyrði starfsmanna
- Auka framleiðni, starfsánægju og styrkja starfsandann
- Endurmat á starfssviði með tilliti til starfslýsingar

7. Gildistími og endurskoðun

Samningurinn þessi tekur gildi 1. janúar 2019 og verður endurskoðaður við gerð nýs kjarasamnings sbr. grein 11.4.3.1. í kjarasamningi aðila.

f.h. hjúkrunarheimilanna Eirar, Hamra og Skjólis

f.h. Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga

Viðauki 1 - Skilgreining á starfsheitum

Hjúkrunarfræðingur 1

Hjúkrunarfræðingur sem er í aðlögun hjá reyndum hjúkrunarfræðingi og tekur ekki sjálfstæðar vaktir.

Hjúkrunarfræðingur 2

Nýútskrifaður hjúkrunarfræðingur. Getur tekið sjálfstæðar vaktir.

Hjúkrunarfræðingur 3

Hjúkrunarfræðingur með meira en eins árs starfsreynslu. Getur tekið sjálfstæðar vaktir og er komin vel á veg í starfi. Stjórnar, skipuleggur og framkvæmir verkefni. Skipuleggur störf annarra og hefur færni, hæfni og vilja til að sinna bakvöktum fyrir aðrar deildir og öryggisbúðir.

Hjúkrunarfræðingur 4

Hjúkrunarfræðingur sem er fær í starfi. Stjórnar, skipuleggur og veitir hjúkrunarmeðferð. Leiðbeinir nemum og nýju starfsfólki og eða skipuleggur störf annarra. Tekur virkan þátt í starfsþróun og gæðastarfi, vinnur m.a. við RAI mat. Skipuleggur og veitir fræðslu til heimilismanna og aðstandenda. Hefur færni hæfni og vilja til að sinna bakvöktum fyrir aðrar deildir og öryggisbúðir.

Næturvaktarhjúkrunarfræðingur

Ber ábyrgð á hjúkrunarþjónustu á Eir, Hömrum og Skjólí. Sinnir ráðgefandi símaþjónustu við starfsfólk og íbúa öryggisbúða. Stýrir og skipuleggur störf starfsfólks á næturvakt út frá hjúkrunarþyngd hverju sinni á milli heimilisdeilda.

Aðstoðardeildarstjóri

Er launaður staðgengill deildarstjóra auk þess sem hann sinnir almennum störfum hjúkrunarfræðings. Hefur færni til að sinna öllum verkefnum og ábyrgð deildarstjóra.

Hjúkrunardeildarstjóri

Fagleg og rekstrarleg stjórnun starfseiningar. Hjúkrunardeildarstjóri ber ábyrgð á hjúkrun og þjónustu sem veitt er á starfseiningunni, gæðastarfi, mönnun og skipulagi vakta og að viðvera starfamanna sé rétt skráð í Vinnustund.

Bókanir

Bókun 1

Aðilar eru sammála um að stofnanasamningur þessi verði endurskoðaður eftir að gengið hefur verið frá miðlægum kjarasamningi á milli Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu og Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga árið 2019.

Við slíka endurskoðun verði metið hvaða áhrif breytingar sem gerðar eru í samningi þessum hafa á þróun yfirvinnu og greiðslur fyrir bakvaktir og ábyrgð á öðrum deildum. Ef ekki hefur tekist að draga úr heildaryfirvinnugreiðslum sbr. lið 2 verða greiðslur fyrir sérstaka ábyrgð sbr. lið 5.3 endurskoðaðar.

Bókun 2

Aðilar eru sammála um að við vörpun á launasetningu hjúkrunarfræðinga sé verið að endurraða öllum hjúkrunarfræðingum út frá ákvæðum nýs stofnanasamnings. Ákvæði sem áunnist hafa áður falla niður. Gætt verður að enginn hjúkrunarfræðingur muni lækka í launum við slíka endurröðun.

Bókun 3

Samfara nýjum samningi munu stjórnendur Eirar, Skjólís og Hamra endurskoða mönnun á deildum, útbúa mönnunarmódel og eftir atvikum gera breytingar á hlutfalli hjúkrunarfræðinga, sjúkraliða og annarra starfsmanna á deildum.